

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Frosti Sigurjónsson, formaður.

Alþingi

150 Reykjavík

Reykjavík, 18. júní 2015.

Efni: Athugasemdir við frumvörp um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki og stöðugleikaskatt

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. vill með bréfi þessu gera athugasemdir og leggja til breytingar á frumvarpi um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, með síðari breytingum (naudasamningar), 787. mál, og frumvarpi um stöðugleikaskatt, 786. mál.

Í báðum frumvörpum er mælt fyrir um heimild slitastjórna til að ávaxta fjármuni með fjárfestingu í skuldaskjölum útgefnum af „viðskiptabönkum og sparissjóðum“. Af þessu leiðir að slitastjórnnum verður þannig ekki heimilt að fjárfesta í skuldaskjölum annarra lánastofnanna, s.s. Lánasjóðs sveitarfélaga.

Samkvæmt 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki þá teljast viðskiptabankar, sparissjóðir og lánafyrirtæki, þ.m.t. fjárfestingarbankar, til lánastofnanna (e. *credit institutions*). Lánastofnanir lúta opinberu eftirliti og um starfsemi þeirra gilda sambærilegar reglur að öðru leyti en leiðir að innlánatöku viðskiptabanka og sparissjóða.

Að mati lánasjóðsins samræmist það illa jafnræðisreglu stjórnarskrár og sjónarmiðum um samkeppni og fjölbreytta uppbyggingu fjármálamarkaðar að lánastofnunum sé mismunað varðandi aðgang að fjármögnun af þessu tagi.

Þá skýtur það skökku við að lífeyrissjóðir landsins geti fjárfest í skuldaskjölum lánastofnanna en hins vegar séu lagðar hömlur á sambærilegar fjárfestingar slitabúa.

Með vísan til framangreinds og með hliðsjón af 5. tölulið, 1. málsgreinar, 36. greinar laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða leggur lánasjóðurinn til eftirfarandi breytingar:

Fyrsti málslíður b-liðar 1. greinar frumvarps um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, mál nr. 787, hljóði svo:

„Í sama skyni er slitastjórn heimilt að ávaxta eignirnar með fjárfestingum í skuldaskjölum útgefnum af viðskiptabanka, sparissjóði eða annarri lánastofnun sem lýtur eftirliti opinbers eftirlitsaðila“.

Fyrsti töluliður, 2. málsgreinar, 5. greinar frumvarps um stöðugleikaskatt, mál nr. 786, hljóði svo:

„Frumfjárfesting í skuldabrefi sem gefið er út af innlendum viðskiptabanka, sparisjóði eða annarri lánastofnun sem lýtur eftirliti opinbers eftirlitsaðila og skal útgáfan vera í samkvæmt útgáfuramma GMTN (e. Global Medium Term Note) eða EMTN (e. Euro Medium Term Note), í erlendum gjaldeyri og gjalddagi höfuðstóls skal ekki vera fyrr en að sjö árum liðnum frá útgáfudegi skuldabrefs“.

Annar töluliður, 2. málsgreinar, 5. greinar frumvarps um stöðugleikaskatt, mál nr. 786, hljóði svo:

„Frumfjárfesting í víkjandi láni í erlendum gjaldeyri sem veitt er til innlends viðskiptabanka, sparisjóðs eða annarrar lánastofnunar sem lýtur eftirliti opinbers eftirlitsaðila þar sem lánstími er eigi skemmri en tíu ár og víkjandi lánið telst til eiginfjárfáttar í starfsemi viðkomandi lánastofnunar“.

Lánasjóðurinn væntir þess að ofangreindar breytingar valdi ekki ágreiningi og eru fulltrúar hans reiðubúnir að veita frekari upplýsingar ef óskað er eftir.

Virðingarfyllst,

Óttar Guðjónsson,
framkvæmdastjóri.